



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 8. október 2024

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: miðvikudagur 8. október 2024 kl. 15:00

Mætt: Íris, Anna Kristín, Anna Sigríður, Sunna, Áróra, Sirrý, Elín og Alexander

Fundarritari: Anna Kristín

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2024-2025:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍP), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Anna Kristín Hjartardóttir (AKH), ritari og varaformaður – EFLA - anh@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),gjaldkeri – sunnasigmarsdottir@gmail.com
4. Alexander Helgason (AH), meðstjórnandi– Búseti – alexander@buseti.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Elín Þórólfsdóttir (WP), meðstjórnandi – HMS – elin.thorolfsdottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Morgunfundir

Settar voru fram nokkrar tillögur að áhugaverðu umræðuefni fyrir morgunfundi.

Stjórnarmenn kusu af tillögulista með forritinu Direct poll, niðurstaðan fer til frekari úrvinnslu til starfsmanna GB sem setja upp tillögu að dagskrá. Fjallað var um tillögur sem gætu annað hvort verið námskeið eða morgunfundur. Ákveðið að morgunfundir myndu verða haldnir á Teams.

Rætt var um hvort aðildafélagar GB myndu kynna áhugaverðar byggingar á morgunfundi. Tillaga um að fyrirtæki sem eru aðildafélagar myndu „bjóða heim“.

2. Fjárhagsstaðan

ÁÁ kynnir fjárhagsstöðu GB, ríflegur jákvæður mismunur um áramót desember 2025.

3. Prókúra fyrir Katarzinu og Sunnu

Sunna skrifar undir eyðublöð sem gjaldkeri stjórnar. Aðrir stjórnarmeðlimir skrifuðu einnig undir.

4. Starfsmannamál

Strætókort til staðgengils framkvæmdastjóra og símreikningur til starfsmanns með skráðan síma sem símanúmer GB lauslega rætt.

Tillaga um að bjóða núverandi starfsmanni áfamhaldandi hlutastarf (50%) út árið 2025, styrkleiki að hafa byggingarfræðing í teyminu og væri synd að missa mikilvæga þekkingu úr samtökunum.



5. Námskeið

HÍ hringrásarhagkerfið í byggingariðnaði, GB sér um námskeið fyrir HÍ.

IÐAN – 3 klst. fyrirlestur um hringrásarhagkerfi

Þjóða aðilum upp á námskeið, t.d. vistvænt viðhald (aðgerð í BGF). Markhópur eru aðilar. Rætt um að hafa umfjöllun um vistvænt viðhald frekar sem morgunfund og víkka umfjöllunarefnið, t.d. kynning á BREEAM refurbishment kerfið og Svansvottun fyrir viðhaldsverkefni.

6. Asks umsóknir

Farið var yfir 6 styrksumsóknir.

7. Græna skóflun

Líflegar umræður um niðurstöður Grænu skóflunar. Stjórn skoði hvort senda ætti rökstuðning á niðurstöðu til allra sem voru tilnefndir, en ákveðið var að áfram yrði aðeins skriflegur rökstuðningur á af hverju sigurvegari var valinn. Rætt var um hvort að það ætti að opinbera tilnefningar, en fallist var frá því.

8. Annað

Rætt var um að setja fjarmuni í að uppfæra heimasíðu GB og ráða grafískan hönnuð. Hanna mun sjá um uppfærslu á heimasíðu og kynningar á GB. Hefði mátt vera meiri umfjöllun á heimasíðu GB í aðdraganda Dags Grænni byggðar.

Loftslagsborgarasamningur var undirritaður 7.10.2024 af. Samningur um að Reykjavíkurborg verði kolefnisútblasturslaus 2030. Elín verður staðgengill f.h. GB ásamt SI, HMS, Reykjavíkurborg o.fl. aðilum. Verið er að fjalla um beina losun á ábyrgð Íslands, verðmætt samstarf.